Reykjavík

Frístundaheimilið Vogasel

Starfsáætlun 2026-2027

MYND ÚR STARFINU

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 7
- Ágúst 7
- September 8
- Október 8
- Nóvember 8
- Desember 8
- Janúar 8
- Febrúar 8
- Mars 8
- Apríl 9
- Maí 9
- Júní 9
- Júlí 9

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Vogasels auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Börnin á frístundaheimilinu:

Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.

Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.

Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.

Starfshættir og viðfangsefni:

Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.

Mannauður og faglegt starf:

Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.

Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvort annað og börnin.

Bjargir og skipulag:

Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.

Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundaheimilinu hverju sinni.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Starfshættir og viðfangsefni:

Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.

Mannauður og faglegt starf:

Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.

Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.

Bjargir og skipulag:

Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.

Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Auka fjölbreytni og virkja útisvæði	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Starfshættir og viðfangsefni
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Hafa fjölbreyttara val – miðað við að bjóða að mestu upp á það sama 3 í viku. Vera með leik dagsins í útiveru og hafa útiveruval allan daginn.
Ábyrgð	Forstöðukona
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.nóvember 2026 – 31.maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d.	Skoðað mánaðarlega hvernig gengur og það gert á starfsmannafundum.

könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hópurinn er orðinn sáttur við fjölbreytnina og meirihluti barna nýtur sín í hverju sem þau taka sér fyrir hendur.

Heiti aðgerðar: Fræðslur og símenntun starfsfólk frístundaheimilis	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Mannauður og faglegt starf
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Nýtt starfsfólk situr nýliðafræðslu í fyrsta mánuði í starfi. Fræðslur eru haldnar fyrir allt starfsfólk í vetrarfríum og tekið tillit til hvers lags fræðsla er þörf hverju sinni.
Ábyrgð	Forstöðukona
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.nóvember 2026 – 31.maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Tekin eru starfsmannaviðtöl 1.sinni á önn þar sem forstöðumaður kannar getu og kunnáttu starfsfólks. Starfsmannafundir þar sem allt starfsfólk kemur saman og horfa á fræðslur saman, þú geta einnig komið með beiðnir að fræðslum.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allt starfsfólk frístundaheimilis hefur fengið viðeigandi fræðslur á árinu og þær skilið eitthvað eftir sig.

Heiti aðgerðar: Virkja hagsmunaaðila	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Mannauður og faglegt starf
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.

Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Virkja þarf deildarstjóra og sérfræðinga á sviði sem og foreldra í að skilja starfs frístundaheimilis og mikilvægi þess.
Ábyrgð	Forstöðukona
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.nóvember 2026 – 31.maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Foreldrakannanir, hvetja þau til þess að svara könnunum og svo rýnir starfsmannahópurinn í niðurstöður. Sérfræðingar og deildarstjórar á sviði koma reglulegar í heimsókn og fá að sjá starfið í fullri virkni.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar foreldrar tala upp starfið okkar og koma með raunhæfar hugmyndir að endurbótum og innra starfi.

Heiti aðgerðar: Húsnæði frístundaheimilis	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Bjargir og skipulag
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Auka þarf við húsnæði frístundaheimilis eða fækka börnum sem eru samþykkt inn.
Ábyrgð	Forstöðukona
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal þarf að eiga sér stað við deildarstjóra frístundamála og USK um húsnæðisvanda og barnafjölgun í hverfinu.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur næst þegar ákvörðun um framhald er tekin.

Heiti aðgerðar: Efniviður frístundaheimilis	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra	

mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Bjargir og skipulag
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Fara mánaðarlega yfir efnivið og skrá niður hvað vantar eða þarf að bæta / laga
Ábyrgð	Svanhvít Valtýsdóttir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.nóvember 2026 – 31.maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk fer yfir efnivið í samráði við forstöðumann, skoðað er hvað er til út frá dagskrá frístundaheimilis. Sameiginlegt skal er útbúið inn á Teams sem starfsfólk skráir inn. Forstöðumaður fer yfir skjalið og lagar / kaupir það sem vantar.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur er metinn í samtali við starfsfólk á þar til gerðum starfsmannafundum. Þegar skipulagið virkar vel og er án athugasemda og ánægja og virkni barna er mikil þá er árangri náð.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Í Vogaseli er mikið unnið með barnalýðræði og erum við með sitjandi barnaráð þar sem tveir fulltrúar úr hverjum árgangi eru valdir á hverri önn. Einnig fá börnin að kjósa um síðdegishressingu, útiveruleiki og ávexti í krakkakosningum reglulega.

Félagsfærni er mikilvæg og hjálpum við öllum börnum að auka hæfni sína í þeirri færni. Við erum með vináttufærni í samvinnu við Vogaskóla og flokkum börnin á hverri önn. Þau börn sem standa á höllum fæti fá sérstaka aðstoð í félagsfærni í formi sérstaks stuðning eða vinahópa.

Í frístundastarfinu er lögð áhersla á skapandi starf þar sem börnin fá að stjórna ferðinni upp að vissu marki. Unnið er með náttúruna í skapandi starfi sem og frjálsum og óhefluðum leik. Árstíðubundið föndur er eitthvað sem við vinnum með – þar má nefna að nota laufblöð sem falla á haustin í falleg listaverk.

Unnið er með regnbogann með tilvísun í Regnbogavottunina. Við leggjum áherslu á að fjölskyldur eru alls konar og að allir eiga að fá að vera eins og þau eru.

Helstu dagsetningar

Ágúst

24.ágúst – skólasetning
27.ágúst – Vogasel opnar

September

8.september – dagur læsis
16.september – dagur íslenskrar náttúru
25.september – heill dagur í Vogaseli

Október

7.október – heill dagur í Vogaseli
22 – 26.október – Vetrarfrí, lokað í Vogaseli
27.október – náttfata og bangsadagur
30. október – Hrekkjavöku / búningadagur
31.október – Hrekkjavaka

Nóvember

8.nóvember – baráttudagur gegn einelti
16.nóvember – dagur íslenskrar tungu
20.nóvember – dagur mannréttinda barna
27.nóvember – heill dagur í Vogaseli

Desember

1.desember – fullveldisdagur íslands
21. – 23. desember – jólaopnun, skráningardagur
28. – 30. desember – jólaopnun, skráningardagur

Janúar

4.janúar – heill dagur í Vogaseli, skráningardagur
6.janúar - þrettándinn
22.janúar - bóndadagur

Febrúar

4.febrúar – heill dagur í Vogaseli, skráningardagur
8.febrúar – Bolludagur
9.febrúar – Sprengidagur
10.febrúar – Öskudagur
11.febrúar – dagur íslenska táknmálsins
21.febrúar – konudagur
22-23.febrúar – vetrarfrí, lokað í Vogaseli

Mars

22.mars – páskaopnun, skráningardagur
23.mars – páskaopnun, skráningardagur
24.mars – páskaopnun, skráningardagur
28.mars – Páskadagur
29.mars – Annar í Páskum, lokað í Vogaseli

Apríl

19-23.apríl – Barnamenningarhátíð
22.apríl – Sumardagurinn fyrsti, lokað í Vogaseli
27.apríl – Starfsdagur, lokað í Vogaseli

Maí

1.maí – Verkalýðsdagur Íslendinga
6.maí – Uppstigningardagur, lokað í Vogaseli
17.maí – Annar í Hvítasunnu, lokað í Vogaseli
18.maí – Heill dagur í Vogaseli, skráningardagur

Júní

9.júní – síðasti dagur vetrarstarfs í Vogaseli
10.júní – skólaslit
14.júní – fyrsti dagur í sumarstarfi

Júlí